

Leikskólastjóri í Breiðholti segir ástandið á vinnumarkaði þannig að búið sé að ráða flesta sem vilja vinna á leikskóla. Umsóknnum fjölgi frá furðufuglum, geðsjúkum og fólki sem sé óhæft til vinnu. **Sveinn Magnússon**, framkvæmdastjóri Geðhjálp, og **Hugrún Jóhannesdóttir**, forstöðumaður Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins, vilja að geðsjúkir fái tækifæri á vinnumarkaði.

Leikskólar Taka við sífellt fleiri umsóknum frá fólki sem er óvinnuhæft.

Geðsjúkir vilja vinna á leikskóla

Um þessar mundir er frekar sérstakt ástand á íslenskum vinnumarkaði. Almennigur hefur meiri möguleika á hálaunastörfum og því gengur erfiðlega að manna lágláunastöður. Þetta ástand hefur nú orðið til þess að fólk sem ekki hefur fundist það eiga heima á vinnumarkaði leitar sér að vinnu.

„Það hefur svaltíð borið á umsóknum frá furðufuglum og fólki sem á við geðræn vandamál að stríða,“ segir leikskólastjóri sem DV hafði samband við vegna fréttu af mannráðningum á leikskólum í Reykjavík.

Leikskólastjórinn sem er kona og starfar í Breiðholti vill ekki láta nafns getið. Hún segist telja ástæðuna fyrir þessari þróun meðal annars vera þá að Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins hvetji fólk af atvinnuleysissskrá til að sækja um vinnu á leikskólum.

„Þá er þetta oft fólk sem hefur ekki verið á vinnumarkaði lengi og er í raun óvinnuhæft,“ segir hún og bætir því við að launahækkun sé eina lausn vandans. Það geri starf leikskólakennara og menntunina eftirsóknarverða fyrir hæft fólk.

Frábærir starfskraftar

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir að fjöldi fólks með geðræn vandamál sé á vinnumarkaði. Hann segir að Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins meti það hvernig vinna hæfi hverjum fyrir sig og vísi fólki á réttan vinnuveitanda.

„Það eru margir geðfatlaðir sem eru fullhæfir til margs konar vinnu og þar á meðal vinnu á leikskóla. Það er ekki nema um sé að ræða mjög alvarlegt, geðrænt vandamál sem það gengur ekki. Geðhjálp er til dæmis með fólk í vinnu sem er með geðræn vandamál og það eru frábærir starfskraftar,“ segir Sveinn sem telur samfélaginu til bóta að koma fólki með geðræn vandamál aftur út á vinnumarkaðinn. Hann segir orð leikskólastjórans lýsa stuðningsleysi og fordómum í garð geðfatlaðra.

Skilningur og skynsamleg viðhorf

Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins, segir að ástandið sem nú er á vinnumarkaði leiði til þess að fólk sem hafi verið lengi án

„Þá er þetta oft fólk sem hefur ekki verið á vinnumarkaði lengi og er í raun óvinnuhæft.“

vinnu leiti aftur út á markaðinn.

„Vinnumiðlunin metur það hvernig starf hæfi hverjum fyrir sig og það er hið besta mál að fá fólk sem ekki hefur verið á vinnumarkaði um langt skeið. Vardandi ráðningar á leikskólum þá er ekki á færi hvers sem er að vinna slík störf og við metum sérstaklega þá einstaklinga sem við beinum þangað. Vinnuveitendur hafa í flestum tilfellum vitneskju um heilsufarsleg vandamál hvers umsækjanda og margir sem eiga við geðræn vandamál að stríða eru fullfærir um vinnu á leikskóla. Stundum þarf bara skilning og skynsamleg viðhorf vinnuveitanda,“ segir Hugrún og bætir við að stundum þurfi þetta fólk aðeins eitt tækifæri til þess að snúa aftur út á vinnumarkaðinn.

svavargdv.is



Sveinn Magnússon
Framkvæmdastjóri Geðhjálp segir fjölmarga geðfatlaða einstaklinga fullfæra um að vinna á leikskóla.